



Reykjavíkurborg

Reykjavík, 21. ágúst 2020
SFS2019020033
188. fundur

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Embættisafgreiðsla sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Félagsmálaráðuneytið óskaði eftir umsögnum um drög að stefnu um barnvænt Ísland.	Skóla- og frístundasvið skilaði umsögn til félagsmálaráðuneytisins 17. ágúst 2020.
----------------------------------------------------------------------------------	------------------------------------------------------------------------------------



Félagsmálaráðuneytið

Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Efni: Umsögn um drög að stefnu um barnvænt Ísland

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt félagsmálaráðuneytis þar sem kynnt eru drög að stefnu um barnvænt Ísland. Frestur til að skila umsögn rann út þann 5. ágúst sl. en veittur var frestur til skila á umsögn til 17. ágúst 2020 og óskað eftir að umsögn yrði send til félagsmálaráðuneytis.

Á skóla- og frístundasviði Reykjavíkur er því fagnað að verið sé að vinna stefnu þar sem markmið tillagna er að innleiða verklag og ferla sem eiga að tryggja jafnræði og markvissa þátttöku barna innan stjórnáætlunar, aukið samstarf milli opinberra aðila með velferð barna að leiðarljósi, tryggja markvisst verklag við hagsmunamat út frá réttindum og velferð barna auk heilstæðrar innleiðingar á réttindum barna eins og fram kemur í inngangi að drögum að stefnunni. Þær tillögur sem þarna eru lagðar fram eru yfirgripsmiklar og afar mikilvægt framlag í átt að barnvænu Íslandi og því að öll sveitarfélög á Íslandi verði barnvæn og innleiði og hugi að réttindum barna með markvissum hætti.

Eins og fram kemur í inngangi stefnunnar hafa félags- og barnamálaráðherra stigið mörg mikilvæg skref undanfarið til að auka samstarf í málefnum barna og ánægjulegt er að sjá aukið samstarf við umboðsmann barna, Landssamband ungmennafélaga (LUF), UNICEF og Samtök félagsmiðstöðva á Íslandi (Samfés). Þetta samstarf hefur leitt margt gott af sér og vonandi að áfram verði lögð áhersla á slíkt samstarf börnum og ungmennum til hagsbóta.

Áskjósanlegt og árangursríkara mætti telja að samhliða stefnunni væri unnin og birt aðgerðar- og kostnaðaráætlun til að tryggja framgang þeirra tillagna sem lagðar verða fram í stefnunni. Slík framsetning myndi gefa stefnunni aukið vægi og sýna fram á raunverulegan vilja til að vinna markvisst að þeim aðgerðum sem lagðar eru fram. Tillögur eru þrettán talsins og þær eru margar hverjar mjög yfirgripsmiklar og aðgerðir um hvernig staðið verður að framkvæmd í sumum tilvikum óljós. Það má telja líklegra til árangurs að velja vel þær tillögur sem vinna skal að í upphafi og áætla í þá vinnu nauðsynlegt fjármagn. Stefnunni gæti til dæmis fylgt aðgerðaráætlun til þriggja ára þar sem tillögum og aðgerðum væri forgangsraðað þar sem kæmi skýrt fram sá kostnaður sem felst í hverri tillögu.

Það má telja víst að í tillögunum felist mikill kostnaðarauki fyrir sveitarfélögin og það þarf að huga vel að því í aðgerðar- og kostnaðaráætlun hvernig styðja á við sveitarfélögin í þeirri vinnu sem þeim er ætluð í þessu samhengi. Mikilvægt er einnig að huga að því hvernig hægt er að byggja aðgerðir stefnunnar á þeirri vinnu sem nú þegar er verið að vinna hjá Umboðsmanni barna, Unicef, Barnaheill, sveitarfélögunum og fleiri aðilum þar sem verið er að vinna að auknum réttindum barna og samráði við börn til að nýta sem allra best það fjármagn og sérfræðiþekkingu sem er nú þegar til staðar.

Stjórnáætlun er í tillögunum oft sett í forgrunn en það er mikilvægt að huga einnig að því hvaða leiðir og nálgun henta börnum og ungmennum sjálfum best í slíkri vinnu. Í tillögu nr. 10 er til dæmis fjallað um að skapa eigi vettvang sem tryggir markvisst samráð stjórnvalda við ungmennaráð, ráðgjafahópa og ungmennasamtök á landsvísu en í þessu samhengi er mikilvægt að huga að því hvort og þá hvaða stuðning börn, ungmenni, sveitarfélög og félagasamtök þurfa til þess að geta starfrækt slík ráð með faglegum hætti áður en til slíks samráðs kemur. Gera þarf skýra kröfu í lögum um að öll sveitarfélög starfræki ungmennaráð en ekki eins og nú kemur fram í Æskulýðslögum að sveitastjórnir hlutist til

um að stofnuð séu ungmennaráð. Fylgja þarf því eftir að stofnuð séu ungmennaráð og að sveitarfélög geti kallað eftir stuðningi við að stofna slík ráð ef á þarf að halda.

Huga þarf sérstaklega að því hvernig haga á samráði við jaðarsetta og viðkvæma hópa og taka tillit til þess að rafræn nálgun, eins og vísað er til í tillögu nr. 10, hentar ekki öllum og að gera verður ráð fyrir að farnar verði fjölbreyttar leiðir til að tryggja samráð við þennan margbreytilega hóp barna.

Þar sem stefnan fjallar að mestu um aðkomu barna og ungmenna að stjórnsýslu má einnig benda á að réttur þeirra til þátttöku í menningar- og listalífi er ekki ávarpaður með beinum hætti í stefnunni. Mikilvægt er að lyfta réttinum til þátttöku og sýnileika í menningar og listalífi sérstaklega því þar þróa börn sýn á samfélagið, móta hugmyndir sínar, taka afstöðu, kynnast ólíkum sjónarmiðum og leiðum og upplifa það að tilheyra fjölbreyttu samfélagi. Með þátttöku í sköpun og framkvæmd er þannig verið að styðja við mun fleiri markmið Barnasáttmálans en aðeins þau sem snerta sjálfa menningarþátttökuna. Barnamenningarhátíðir sveitarfélaga, sem Reykjavík hefur haldið lengi og önnur sveitarfélög eru í vaxandi mæli að taka upp, hafa verið vettvangur til að lyfta rödd og framlagi ungs fólks á sviði menningar og lista. Það væri mikill fengur í því ef stefna um barnvænt Íslandi innihaldi skýra stefnu í þessum málaflokki.

Því ber sérstaklega að fagna að fullgilda eigi þriðju valfrjálsu bókunina við Barnasáttmálann sem tryggir að börn geti leitað til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna með mál sín eins og fram kemur í tillögu 4.

Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030 byggir á því grunnstefi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu barna. Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar. Leiðarljós stefnunnar er „barnið sem virkur þátttakandi“. Meginmarkmið stefnunnar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Þessar áherslur rýma að mörgu leiti vel við þær áherslur sem finna má í stefnunni um barnvænt Ísland og þær tillögur sem þar eru lagðar fram.

Markvisst hefur verið unnið að því að innleiða Réttindaskóla og Réttindafrístundastarf UNICEF á skóla- og frístundasviði og nú þegar taka um 20 starfsstaðir þátt í því verkefni. Auk þess hefur verið ráðinn til starfa verkefnastjóri á sviðinu til þess að styðja við þá vinnu. Börn og ungmenni eiga fulltrúa í skóla- og frístundaráði, skólaráðum, sitja í barna-, unglínga- og nemendaráðum og einnig eru starfandi í Reykjavík sex ungmennaráða og Reykjavíkurráð ungmenna. Lýðræðis- og réttindavinna skipar nú þegar mikilvægan sess í starfi leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva í Reykjavík og mun halda því áfram.

Að lokum skal ítreka mikilvægi þess að vinna að tillögunum sem þarna eru lagðar fram í góðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra þá aðila sem munu koma að framkvæmd þeirra. Raunhæf aðgerðar- og kostnaðaráætlun gegnir þar lykilhlutverki.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs